

Málar.: 2006012  
Dalabyggð Málaskrá

10. JÚNÍ 2020

Bráttíki: 09.02.02

Dalabyggð  
b.t. Þórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Reykjavík, 4. júní 2020  
Tilvísun: 201909083 / 0.6.2

## Efni: Kostnaðarframlag vegna aðalskipulags fyrir Dalabyggð

Vísað er til erindis Dalabyggðar, innkomið 17. mars 2020, þar sem óskað er eftir kostnaðarframlagi úr Skipulagssjóði vegna aðalskipulagsgerðar skv. 18. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fram kemur í erindi að samkvæmt verk- og kostnaðaráætlun sé heildarkostnaður áætlaður kr. 17.204.752 með virðisaukaskatti, þ.e. kr. 13.874.800 án virðisaukaskatts.

Með erindinu fylgdi afrit af örútbóðsgögnum innan rammisamnings nr. 20662 vegna útboðs á endurskoðun á aðalskipulagi Dalabyggðar; Örútbóð – Aðalskipulag Dalabyggðar 2017-2029, dags. 11. desember 2015; Verklýsing – undirbúningur og nálgun vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Dalabyggðar og einnig samningur við Verkís um skipulagsgerðina sem undirritaður var í janúar 2020.

Eftir yfirferð yfir framlögð gögn er fallist á að framlag úr Skipulagssjóði til verkefnisins nemi kr. 6.937.000 kr., þ.e. 50% af 13.874.800. Skipulagsstofnun bendir á að kostnaðarframlag úr Skipulagssjóði miðast við kostnað án virðisaukaskatts og að sveitarfélög geta sótt um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna sérfræðipjónustu til RSK.

Framlag úr Skipulagssjóði greiðist í þremur hlutum, þ.e. 1/3 þegar fyrir liggur lýsing skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga, 1/3 þegar endanleg tillaga hefur verið lögð fram til athugunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga og 1/3 þegar fyrir liggur samþykkt aðalskipulag sbr. 2. mgr. 32. gr. laganna.

Senda þarf Skipulagsstofnun reikning fyrir greiðslu úr Skipulagssjóði í samræmi við framvindu verksins. Hafi greiðslur ekki verið innheimtar innan 3ja ára frá dagsetningu þessa bréfs þarf sveitarfélagið að leita eftir samþykki á kostnaðarframlagi að nýju. Þar sem lýsing skv. 1. mgr. 30. gr. liggur fyrir og hefur þegar verið kynnt, getur sveitarfélagið sent Skipulagsstofnun reikning fyrir fyrsta hluta kostnaðarframlagsins, þ.e. fyrir kr. 2.312.467.

Að gefnu tilefni bendir stofnunin á eftirfarandi: Undir yfirskriftinni *Gagnaskil* í örútbóðsgögnum segir að gagnaskil skuli vera á pappírformi og að ráðgjafi skili skipulagsgögnum til verkkaupa og Skipulagsstofnunar á rafrænu formi og það skilgreint nánar með því að skipulagsupprættir skuli vera á vektorformi (DWG) og skipulags- og skýringarupprættir á rastaformi (Forsnið: TIF, PDF, JPG). Bent er á að vinna á aðalskipulagsáætlanir í landfræðilegu upplýsingakerfi þar sem staðbundin ákvæði eru sett fram sem landupplýsingar. Gögnum þarf að skila til Skipulagsstofnunar rafrænt á skipulag@skipulag.is, sem gagnasafni í formi Shapefil (.dbf, .prj, .sbn, .sbn, .shp, .shx) eða sem ESRI File-Geodatabase (.gdb).

  
Hafdis Hafliðadóttir